

Vormót FSÍ - úrslit

Skrifað af AVG

Mánudagur, 13 Maí 2013 11:42

Vormót FSÍ í hópfimleikum.

Vormót FSÍ var haldið á Selfossi helgina 10-12 maí. Um 740 keppendur sóttu mótið víðsvegar af landinu. Þetta er síðasta mót vetrarins í keppnisröð FSÍ.

Fimleikadeild Hattar var með 6 lið sem samanstóð af 50 keppendum. Öll liðin stóðu sig vel og voru keppendur að gera mikið af nýjum stökkum í stökkseríum sínum.

Úrslit vormótsins:

3 flokkur 11-12 ára

Höttur kvk A 6 sæti

Höttur kvk B 17 sæti

Höttur drengir 1 sæti - deildarmeistarar

2 flokkur 13-15 ára

Höttur kvk 9 sæti

Höttur mix 1 sæti

Opinn flokkur - 15 ára og eldri

Höttur kvk 2 sæti

Keppnishelgin byrjaði á því að allir iðkendur í 3 flokk fóru í fimleikahús Stjörnunnar og tóku góða fimleikaæfingu í rúmlega 2 klst. Vakti æfingin mikla gleði en jafnframt var mikið spjallað, hvers vegna slík aðstaða væri ekki til staðar á Egilsstöðum. Margar skemmtilegar tillögur komu fram um hvernig ætti að fjárafla fyrir slíkri aðstöðu. Það vantar ekki eldmóðinn !

Veturinn er búinn að vera skemmtilegur og fimleikadeild Hattar átt góðan keppnisvetur. Við þjálfarar notið samveru margra yndislegra iðkenda sem við eigum eflaust eftir að fá að njóta áfram.